

Handhafar viðurkenningar árið 2010

Fyrir „lofsvert lagnaverk“ að Suðurlandsbraut 66

Arkitekt: Yrki Arkitektar ehf., Lagnahönnuður: Mannvit hf., Rafstýrihönnuður: Iðnaðartækni ehf., Lagnakerfi: Faglagfir ehf., Loftræstikerfi: Stjórnublikk ehf., Rafvirkjameistari: Jóhann Hreiðarsson., Verkframkvæmd: Framkvæmdasýsla ríkisins, húsið sjálft Suðurlandsbraut 66.



Sitjandi f.v: Björgvin I. Ormarsson véliðnfræðingur og Pétur Bjarnason byggingarverkfræðingur Mannvit hf., Sólveig Berg arkitekt og Ásdís H. Ágústsdóttir arkitekt Yrki Arkitektar ehf.

Standandi f.v: Einar H. Jónsson tæknifræðingur Framkvæmda og eignasvið Reykjavíkurborgar, Jóhann Hreiðarsson rafvirkjameistari, Steinar Þórisson pípulagningameistari Faglagfir ehf., Gunnar Sigurðsson byggingartæknifræðingur Framkvæmdasýslu ríkisins, Finnþogi Geirsson blikksmíðameistari Stjórnublikk ehf., Guðmundur Benidiktson rafmagnsverkfræðingur Iðnaðartækni ehf.

Lofsvert lagnaverk 2010

Fyrir árið 2010 veiti Lagnafélag Íslands viðurkenningu fyrir heildarverk í hjúkrunarheimilinu að Suðurlandsbraut 66

Dr. Valdimar K. Jónsson verkfræðingur prófessor, formaður Viðurkenningarnefndar Lagnafélags Íslands, „Lofsvert lagnaverk 2010“

Neysluvatnskerfi hússins er hannað þannig að sem minnst hætta sé á brunaslysum vegna heitavatsins.

Séð er um að heitt neisluvatni komi ekki heitara en 60°C út úr krönunum.

Miðstöðvarofnar eru aðalhitagjafi hússins, ásamt hita í gólfum.



Valdimar K. Jónsson

Snjóbræðslukerfið, sem er u.þ.b 820 m², er lokað dælukerfi með umhverfisvænum frostlegi. Sjálfvirkt vatnsúðakerfi er í byggingunni og eru öll rými eldvarin.

Tvö loftræsikerfi eru í byggingunni, þau þjóna bæði almennum rýmum svo og dvalarrýmum íbúanna.

Mikil áhersla var lögð á að nýta sem best allan varma úr útkastslofti, áður en því er sleppt út úr húsinu.

Öll tækni rými eru rúmgóð og aðgengni að tækjum mjög gott.

Tækin eru öll vel merkt í samræmi við teikningar og því auðvelt að finna upplýsingar um hvert tæki og tækjalýsingar eru í handbók.

Hönnuðir hafa staðið sérstaklega vel að verki fyrir greiningu og skipulagningu verkefnis. Öll gerð og frágangur





lagna- og loftræstikerfa er til fyrirmyndar.

Lagnafélag Íslands hóf að veita viðurkenningu fyrir lofsverð lagnaverk fyrir 21 ári. Tilgangur viðurkenninganna er að efla gæða-vitund þeirra aðila sem starfa á þessum vettvangi, efla þróun í lagnamálu með bættum vinnubrögðum, vali á lagnaleiðum og lagna-efnum. Síðast en ekki síst er viðurkenningunum ætlað að vera hönnuðum og iðnaðarmönnum hvatning til að afla sér aukinar fræðslu á sviði lagnamála.

Nefndin leggur áherslu á við mat á loftræsti-



Valur Sigurbergsson og Hólmfríður Guðjónsdóttir



Sigtryggur R. Eyþórsson og Þorbjörg Guðmundsdóttir

og hitakerfum, að greinargóð lýsing liggja fyrir á öllum þáttum í handbók, hönnunarforsendur, kerfislýsing, einlínunmynd og samvirkni tækja, einnig að skýrsla verktaka liggja fyrir um stillingu tækja, eins og lýst er í Handbók lagnakerfa 29.

Viðurkenningarnefndin er skipuð fjórum mönnum. Þeir eru Valdimar K. Jónsson, vélaverkfræðingur, formaður nefndarinnar, Ólafur Bjarnason, blikksmíðameistari, Páll Bjarnason, pípu-lagningarmeistari og Kristján Nielsen, rafvirki. Ritari nefndarinnar er Kristján Ottósson, framkvæmdastjóri Lagnafélags Íslands.